

Við pállinn og rekuna

Sú var tíðin, að það þótti eigi heldri manna háttur að vinna erfiðisvinnu. Hefir þessi skoðun þó mjög dalað á seinni árum og breyst til hins betra. Ef einhver unglingur þótti ekki nægilega þrekmikill, þá var sagt, að best væri að láta hann fara í skóla og læra til prests eða eitthvað þess háttar. Sumum þótti það jafnvel eitt hið mesta heimsins hnoss og hamingja, ef barn þeirra yrði það sem nefnt var lærður maður. Oft hefir það og borið við, að börn embættismanna hafa verið látin ganga menntavegin, svo nefnda, því annað þótti eigi hlýða, jafnvel þó að hlutaðeigandi væri sýnilega ekki til þess hæfur. Af þessu leiddi það, að hlutaðeigendum var með miklum erfiðismunum troðið í gegnum skólana, svo að þeir gætu að minnsta kosti fengið einhvern próftitil, þó ekki væri nú meira, og gætu í besta tilfelli náð í opinbera stöðu, aðstoðarstarf hjá embættismanni eða á opinberri skrifstofu. Líkamleg vinna, sem svo er nefnd, var ekki nógu fín fyrir slíka menn. Oftlega hefir það átt sér stað, að þessir menn hafa aldrei notið sín og orðið utanveltubesefar og jafnvel orðið andlegt og líkamlegt rekald á ólgusjó lífsins.

Hefði hugsunarhátturinn og þjóðfélagsaðstaðan verið önnur, er all líklegt að oft og tíðum hefði verið siglt framhjá þeim skerjum, sem of margir hafa strandað á í lífinu.

Ég vil því gera tilraun til þess að benda á, að önnur þjóðfélagsafstaða væri heillavænlegri en sú, sem nú á sér stað, og vænlegri til frambúðar í mörgu tilliti og er það tilgangur minn með þessum línnum. En sú skipun, sem hér verður dregin mynd af, er nauðsynlegur undirbúningur undir þroska þeirra, er fyrir alvöru æskja að leita inn í hið ókunna, og feta hina innri þróunarleið.

Sókn til bæjanna

Á síðustu áratugum hefir flutningur fólks frá sveitum til bæja verið mjög áberandi. Á þetta sér ekki eingöngu stað hér á landi, heldur einnig í öðrum löndum. Þegar heimsstyrjöldinni miklu lauk bar mjög á húsnaðiseklu víða í bæjum á Norðurlöndum. Hér á landi hefir vöxtur bæjanna og kaupstaðanna verið stöðugur síðan um aldamót og hefir fólksflutningur úr sveitum verið meiri og minni á þessu tímabili, einkum hafa brögðin að þessu verið mest og áberandi hvað Reykjavík áhrærir.

Til þessara fólksflutninga liggja margar ástæður. Þegar atvinnumöguleikar jukust í bæjum og kaupstöðum, betra kaup var greitt þar en í sveitum, drógust menn þangað af þeirri ástæðu. Stórútgærdin hafði mikil áhrif á þetta og þegar hún komst á hámark, var aðsóknin að Reykjavík t. d. orðin mjög mikil. Fólkið flykkist einnig að margmenninu þar sem gleðskapur var fjölbreyttari miklu en í sveitum. Ungir menn lærðu fiskiveiðar á togurum eftir hinum nýju veiðiaðferðum og ílengdust svo í kaupstöðunum. Festu sér konur og mynduðu þar heimili. Á þennan hátt hópuðust þúsundir manna að sjónum og mikið fækkaði í sveitunum og loks var svo komið, að meira en helmingur þjóðarinnar var kominn til kaupsúnanna og lifði á öðrum atvinnugreinum en landbúnaði. Og alllíklegt er að nokkur tími muni líða þangað til veruleg breyting kemst á þetta.

En þó er þetta ekki með öllu þýðingarlaust og hefir ákveðin og varanleg áhrif á þjóðernið og gerir sitt til þess að móta það.

Margmenni knýr fram vissa hlið af sjálfbjargarviðleitni, þar sem ekkert tækifæri er látið ónotað til þess afla sér vinnu og fjár.

Undir vissum kringumstæðum getur barátta þessi orðið svo hörð, að eigi megi í milli sjá hvort menn standa eða falla og oft ber það við þegar atvinnukreppu ber að höndum, að allt rekur upp á sker og þá hafa margir látið bugast og gripið til úrræða, sem eigi voru sem heppilegust. En allt þetta skapar reynslu, sem síðari kynslóðir njóta góðs af, því þær sigla fram hjá þeim skerjum, sem nútíðarmenn stranda á. Hér mótast þjóðarhyggindi, sem reynslan, örðugleikarnir hafa skapað.

Ennþá eru menn félagslega óþroskaðir. eru það fáir af hverju þúsundi manna, sem kunna að vinna og hugsa í félagsskap, hugsa fyrir heildina og starfa með heildinni, án þess að hugsa um sinn eigin hag fyrst og fremst. Þeir, sem menntaveginna fara, eru engu betur settir í þessu efni en almenningur, nema síður sé. eru þess ótal dæmi, sem eigi er þörf að tilgreina. Þeir, sem um áratugi hafa starfað í félögum, hafa reynslu fyrir þessu.

Félagastarfsemin er mjög markverð námsgrein, sem menn verða að iðka og þroska, ná fullum tókum á, því hún er mjög mikilvægt skilyrði fyrir þróun framtíðarmenningarinnar.

En allir hlutir eiga tvær hliðar, þá góðu og slæmu, og sama máli er að gegna með félagastarfseminu. Einn örðugasti galli hennar er virðingargirnin. Þeir, sem eru síst fallnir til þess að vera stjórnendur og leiðtogar, sækja það allra manna fastast að komast í stjórnenda-stöður, því það er nafnið, að vera formaður, allsráðandi í félaginu, sem er svo mikið í munni og mikil upphefð. Það er engu líkara en að mönnum finnist að þeir hafi vaxið að manngildi og vitsmunum alveg fyrirhafnarlaust, ef þeir hafa öðlast slíkt hnoss, að verða formenn eða ráðendur í einhverju félagi. Og svo er allt gert til þess að komast að þessum stöðum og embættum og oft og tíðum notuð miður víðeigandi meðul til þess að ná þessu takmarki og að halda því. En oftast nær er þó endirinn sá, að hlutaðeigendur velta fyrir eða síðar úr sætinu við miður góðan orðstír af því að þeir voru eigi starfinu vaxnir. En hygginn maður, vitur og reyndur, tranar sér ekki fram, því að hann hefir allt of ríka ábyrgðartilfinningu til þess að taka að sér vandasöm stjórnarstörf. En slíkir menn eru einmitt þeir, sem eru raunverulega hæfir til þess að ráða og stjórna í félögum. Og þeir fá fyllri æfingu en hinir og stjórnarlegan þroska, enda er enginn efi á því að þeir eru stjórnendur og leiðtogar framtíðarkynslóðanna og hafa í sér getuna til þess að ráða og skipuleggja á hagkvæman hátt. Í stjórnámálum ber einnig mjög mikið á þessum galla. Óhæfir menn ráða þjóðunum og því er alls konar vandræði við að stríða innan þjóðfélaganna og í alþjóðaviðskiptum.

Vegna þess að þessi námsgrein, félagastarfsemin, er of stutt á veg komin og menn hafa ekki fengið þá almennu menntun í því að starfa og hugsa í félagsskap, er svo afar mörgu ábótavant í stjórnámálum þjóðanna. Þegar menn hafa lært að hugsa og starfa félagslega, hafa þeir útrýmt eigingirnin og þá einnig hinni skaðvænlegustu hlið hennar og auðvirðilegustu, virðingargirnin.

Samvinnan í margmenninu skapar alla þessa möguleika og gerir mönnum kleift að nema þessa nauðsynlegu lexíu, sem framtíðarmenningin hefir svo mikla þörf fyrir.

Skipulagning vinnunnar

Mennirnir verða að vinna. Þetta svið lífsins, tilverunnar, hið jarðneska, er fyrst og fremst heimur athafna, heimur hinnar líkamlegu vinnu. Án hennar getur lífið eigi haldist við og notið sín. Þess ber þó að gæta, að taka verður tillit til fleira, því maðurinn er ekki eingöngu líkami, heldur einnig sál og andi og þeim verður einnig að gefa tækifæri, ef vel á að fara. Vesturlöndin leggja of einhliða rækt við vinnuna, en Austurlöndin, einkum Indland, vanrækja

hana um of. Við þetta skapast misræmi í þroska, sem nauðsynlegt er að jafna. Því verður austræn og vestræn menning að renna saman, svo úr því vaxi heilsteypt jafnhliða menning.

Því er skipting og tilhögun vinnunnar bráðnauðsynlegt atriði.

Aðgerðarleysi á ekki að eiga sér stað, því það er skaðlegt. Óaflátanleg starfsemi og viðfangsefni er skilyrðið fyrir skjótum og heilbrigðum vexti. En til þess að þessu verði komið í verk, þarf að skipu leggja störfín og notkun tímans.

Þeir, sem eru svo vel settir, að þeir hafa fastákveðinn vinnutíma, geta hæglega komið þessu í verk, en þeir, sem hafa óreglubundinn vinnutíma, eiga örðugra með það. Allir hafa þó einhverjar frístundir frá daglegum störfum og geta notað þær til annarra starfa. Við sumar iðngreinar og verslun hefir vinnutími verið stytur nokkuð og gerður hæfilegri en áður átti sér stað. Þetta gefur tækifæri til þess að nota þann tíma, sem þá er afgang, til annarra starfa. Að skipta um vinnutegund er hvíld. Þann tímann, sem afgang er matartíma og hvíldartíma á svo að nota til ritstarfa, vísinda- og listaiðkana. Sé þetta gert, er hver tími notaður. Menn hafa í raun réttir ekki ráð á að eyða tímanum í algert athafnaleysi. Vinnuveitendur hafa haldið því fram, að menn hefðu ekkert að gera við stytta vinnutíma, því menn notuðu ekki frístundirnar til neins gagns og hafa þeir nokkuð til síns máls, sérstaklega þó þegar því hefir verið haldið fram með fullum rökum, að frístundirnar séu notaðar til hverskyns óreglu og skaðsemdar-lífarnis. Þeir, sem eru hneigðir til óreglu og nautna megra oftast nær ekki að nota hvíldartíma sinn til gagnlegra starfa. En þetta verður að taka breytingum ef vel á að fara, því framtíðin þolir ekki þess háttar líf. Öll nútíðarstarfsemi beinist í þá átt að menn verða að halda líkama sínum í heilbrigðu ástandi og taugakerfinu í fullu jafnvægi, og þá er ekki að tala um að sterkar nautnir geti þrífist, því að öðrum kosti hrynur kynstofninn niður og verður líkamlega óhæfur. Hæfileg skipting vinnunnar er því bráðnauðsynleg, svo að jafnvægi komist á milli líkamlegrar vinnu og andlegra og sálrænna iðkana eða lista og vísindalegrar starfsemi.

Íþróttir

„Hraust sál í hraustum líkama“, er orðtak, sem oft er notað í sambandi við íþróttir og íþróttaiðkanir. Er það rétt og ágæt hugsun, sem í því felst, og ef menn hegðuðu sér nákvæmlega eftir hugtaki þessu mundu menn sigla fram hjá mörgum og miklum örðugleikum. En hægara er að kenna heilræðin en halda þau og virðist það sannast jafnvel á íþróttamönnum sem öðrum, er vinna að umbótum. Þó ber að geta þess, að til eru undantekningar í þessu efni.

Íþróttaiðkendum má almennt skipta í tvo flokka, þá, sem eru keppendur og hina, sem einungis vinna af heilbrigðisástæðum og taka ekki þátt í kappleikum.

Að minni hyggju eru þeir síðartöldu á réttir leið, en hinir á rangri. Þeir síðarnefndu þokast í áttina að takmarkinu, hraust sál í hraustum líkama, en hinir fjarlægjast það.

Allur þorri þeirra manna, sem nú fást við iðngreindir og atvinnu, sem hefir mikla innisetu og innivinnu í för með sér, vinnu, sem er líkamlega létt og áreynslulaus. Þarf að iðka heilbrigðar íþróttir, til þess að halda líkamanum mátulega sterkum og hraustum. En þess verða menn þó nákvæmlega að gæta, að ofbjóða líkamanum í engu, né að einstakir hlutar hans eða líffæri fái við æfingarnar ofvöxt og kraft á kostnað annarra líffæra. Einungis að halda líkamanum mátulega léttum og styrkum í öllu tilliti. Sé þessa gætt, er lítil hætt á að veiklun eða sjúkleikar komi í ljós af þeim ástæðum.

Hinir aftur á móti, íþróttakeppnismenn, eru venjulega undir stöðugum hættum vegna ofreyfnslu og of mikillar grósku í vissum taugum og vöðvum, sem vaxið hafa of ört við æfingarnar og í far þess fer veiklun, sem örðugt er að bæta úr, því þegar lífinu er einhvers staðar ofboðið fer bakfall í farið (reaktion). Reynslan er líka sú, að allt of margir íþróttakappsmenn gæta sín ekki sem skyldi og fá því æðahnúta, hjartabilanir og taugaveiklun ýmiss konar sem afleiðing af ofurkappi í íþróttaiðkunum, sem þeir voru eigi líkamlega færir um. Og allt er þetta afleiðing af eigingirni og misskilinni metorðagirnd. Og þessi aðferð skapar veiklun í kynstofninum í staðinn fyrir hreysti, sem hlutaðeigendur allflestir hafa þó sennilega haldið að yrði árangurinn. Útkoman varð öfug við innihald orðtaksins „Hraust sál í hraustum líkama“.

Menn mundu nú ef til vill spyrja: Hefir þetta nokkur áhrif á sálina? Það er nú einmitt það. Hún nýtur sín ekki þegar líkaminn hefir lamast og það þótt í litlum mæli sé eða þá að hann er orðinn of stæltur, þannig, að hann er hættur að vera þjálmt verkfæri sálarinnar og andans. Í þessu liggur, að minni hyggju, ástæðan fyrir því, sem sumir menn hafa veitt eftirtekt, að miklir íþróttamenn hafi orðið heimskari en þeir voru áður en þeir tóku fyrir alvöru til við íþróttaiðkanirnar. Veiklun líkamans eða stæling endurverkar lamandi á hið innra líf og veikir það. Það er því ekkert vit í því að reka einhliða starfsemi, sem varnar hinu innra og æðra lífi að fá notið sín.

Hvarfið til sveitanna

Eins og getið var í upphafi þessa máls, hefir áberandi sókn verið til kaupstaðanna síðasta mannsaldur og að margmenninu. Hefir þetta ekki einu sinni átt sér stað hér, heldur einnig víðar. En þetta hlýtur að taka breytingum, því mjög takmörkuð verður getan til þess að sjá sér farborða við fiskiveiðar og iðnað i framtíðinni, því notkun þeirra afurða verður ævinlega takmörkunum háð. Fjölgun fólksins verður því óhjákvæmilega að leita á ný til sveitanna. Bendir ýmislegt til þess að svo muni verða.

Hugmyndir manna um að auka og léttu aðstöðuna í sveitunum og framkvæmdir þeirra benda áþreifanlega á þetta.

Hugmyndin um samyrkjubú og sambýli benda í þessa átt. Stofnun garðyrkjuskóla og kornræktarstarfsemin. Allt þetta er vísir að möguleikum, sem verða fullkominn veruleiki þegar tímar líða.

Sumarleyfi fólksins í kaupstöðunum er einnig allverulegur þáttur í þeim undirbúningi, sem nú er að fara fram, til þess að ýta undir hvarfið til sveitanna. Menn hverfa í viku, hálfan mánuð eða lengri tíma, allflestir að sumarlagi úr bæjunum og dvelja í sveitinni við hreint og hressandi fjallalofitið og þeim fer óðum fjölgandi, sem liggja úti í tjöldum og njóta á þann hátt ennþá betur útiverunnar en þeir, sem búa þar í húsum inni.

Allt þetta kennir mönnum að meta sveitalífið og gildi þess og þess frelsis, sem því er í raun og veru samfara.

Nú vilja menn vera og starfa þar, sem þeir halda að þeir fái mestan árangur fjárhagslega séð. En sá hugsunarháttur verður að breytast, ef unnt verður að fjölga fólkinu á ný í sveitinni. Það þarf fyrst og fremst að bæta aðstöðuskilyrðin til þess að fólkið geti lifað þar sémilegu lífi.

Jarðnæðin eiga að vera ódýr. Sá, sem eignast jörð, á í raun og veru ekki að greiða neitt fyrir landið eða það, sem náttúran sjálf hefir lagt til, því hún gaf það í öndverðu og hefir aldrei heimitað neitt gjald fyrir. En það, sem jörðinni hefir verið gert til góða, hús, girðingar, ræktun, yngri en 12 ára eða svo, á að greiða fyrir sanngjarnt verð við eigendaskipti.

Húsabyggingar á jörðum verða að vera mjög einfaldar og ódýrar, því þær geta eigi að öllum jafni borið dýrar húseignir. Og því meir, sem fólkinu fjölgar, því minni verður jarðnæði hveirrar fjölskyldu og því ódýrari verða húsakynninn að vera til þess að allt geti flotið. Það þarf að endurbæta baðstofu og torfhúsbyggingarnar og gera þær vistlegri en nú eru þær. Öllum byggingum þarf að haga þannig, að sem minnst þurfi af faglærðum mönnum til þess að vinna við þær. Bóndinn verður sjálfur að geta gert mest af þeirri vinnu. Hann má sem allra minnst skulda í jörð og byggingum þegar hann stofnar bú, því afkoman þolir ekki verulegar skuldir. Að þessum endurbótum verða framfaramenn vorir að vinna og geti þeir leyst þau verkefni sómasamlega, hafa þeir unnið þjóðinni og framtíðinni meira gagn en allir stjórnmalaglamrarar nútíðarinnar til samans.

Eins og minnst er á hér að framan, eru nú ofarlega á baugi tilraunir nokkrar til þess að breyta til um framleiðsluhætti í sveitum. Er það aðallega kornrækt og garðrækt aukin að framleiðslumagni og fjölbreytni. Allt þetta er nauðsynlegt til þess að skapa framtíð sveitanna. Garðræktin skapar aukna neyslu garðávaxta, káls og fleiri nytjajurta til mannelis. Þetta á kornræktin líka að gera. Að nokkrum tíma liðnum verður lítið flutt til landsins af korni og jarðeplum, því það verður allt framleitt í landinu sjálfu. Þá sparast tiltölulega meira landrými en nú og miklu fleiri geta með hægu móti lifað á landinu, því hver hektari í garðrækt og að líkindum einnig í kornrækt gefur tiltölulega meira verðmæti en tún og útjörð. Aðaláhersluna verður því að leggja á það, að framleiða nytjajurtir handa fólkinu til lífsframfæris, heldur en til sölu á útlendum markaði. Framleiðsla til sölu frá heimili á einungis að eiga sér stað til þess að geta aflað þess, sem óhjákvæmilegt er að kaupa að, en eigi meir.

Á þennan hátt myndast í landinu þéttbýli til sveita á þeim stöðum, sem heppilegastir eru til slíkrar starfsemi. Þar verður enginn skortur á heilbrigðu starfs- og skemmtanalífi og hvers konar viðleitni, sem anda mannsins dreymir um.

Á þennan hátt breytist mjög líf manna, bæði andlega og líkamlega. Mun ég í næsta viðfangsefni mínu, „Hin hærri menning“, gera það að sérstöku umtalsefni.

Hin sanna íþrótt

Nú vil ég gera tilraun til þess að skýra frá því, hverja hugmynd ég hef um hina sönnu íþrótt.

Þegar menn skilja það að íþróttirnar eru í raun réttir, séð frá heilbrigðu sjónarmiði, nauðsynleg uppbot til viðhalds líkamlegri hreysti og styrkleika, vegna þess að erfiði líkamans fæst ekki með daglegri vinnu, þá komast menn smátt og smátt að þeirri niðurstöðu, að þær séu í raun og veru ekkert annað og meira en eins konar læknislyf, sem grípa verður til í neyð. Í þessu sambandi á ég ekki við keppnisíþróttir, því þær koma alls ekki til greina í þessu sambandi. Þær eru á þessu stigi málsins úr sögunni.

Þegar skilyrðum þeim, sem ég hefi gert að umtalsefni hér að framan, er fullnægt um framtíðarþúskap í sveitum, þá eru sköpuð skilyrði fyrir þá einu og sönnu líkamsmennt, sem tækifæri verður til fyrir hvern mann að iðka daglega, en það er vinnan. Erfiðið við rekuna og

pálinn er sú eina og sanna heilbrigða íþrótt og þá þarf ekki að ofbjóða neinum með of mikilli og örðugri vinnu. Nokkurra klukkutíma erfiði á dag og nóg þegar allir vinna.

Listir og vísindi

Þá er komið að því að athuga þetta viðfangsefni og gera tilraun til þess að gera því ofurlítið önnur skil en hingað til hefir verið gert. Á þeim grundvelli, sem skapaður er hér að framan, er unnt að grebreyta viðhorfi manna til þessara mjög svo þýðingarmiklu viðfangsefna.

„Maðurinn lifir ekki af einu saman brauði, heldur á sérhverju því orði, sem fram gengur af guðs munni.“

Hér að framan hefir verið gerð tilraun til þess að sýna fram á að skilyrðinu um brauðið verði gerð hæfileg skil, því það er gert fyllilega ráð fyrir því í áður nefndri ritningargrein með orðunum „einu saman“.

Einföldu og heilbrigðu lífi verða menn að lifa ef vel og samviskusamlega skal fullnægt síðara atriðinu. Maðurinn verður að hafa náð ákveðnu jafnvægi áður en hann getur orðið sæmilegur farvegur fyrir hið andlega líf, notið orðsins, sem fram gengur af guðs munni. Tilfinningar og hugsanir verða að hafa náð ákveðnum þroska áður en þetta getur átt sér stað.

Hjá allflestum eru tilfinningarnar farvegur listanna. Sönn list er árangur af innsæi og þetta innsæi streymir í gegnum tilfinningarnar. Hitt er til, að innsæið hafi hugsunina að farvegi, en þá verður sú hærri hugsun, sú óhlutræna eða heimspekilega, að vera ráðandi yfir hinni lægri eða hlutrænu hugsun.

Listirnar verða að vera reknar af innri þörf til þess að skapa, en ekki í frægðar- eða fjáraflaskyni. Þær ná aldrei sinni eðlilegu þróun fyrr en þessu er fullnægt og því verða þær að vera aukavinna, viðfangsefni, sem er algerlega óháð hinu ytra lífi og kröfum þess, því annað hæfir þeim ekki í raun og veru. Þær eiga algerlega rót sína og uppistöðu í hinu andlega og eilífa. Þegar svo er komið, þá er engin hætta á að listirnar verði storknað form, heldur munu þær birta hinn mikla innri mátt lífsins í æ fegurri búningi, því þá eru þær komnar í samræmi við hið mikla endurlausnarlögmál tilverunnar, fórnina.

Vísindin eru önnur birting hins andlega og sálræna lífs eða hugsana og eru árangur af starfsemi þess.

Öll andleg starfsemi á að vera unnin með sama markmið fyrir augum, hún á að vera laus við fjármál og fjárafla. Þess vegna á öll kirkjuleg starfsemi að vera unnin sem fórn og án vonar um fjárhagslegan hagnað. Það er ekki von að andlegt líf blómgist og vaxi á meðan það er dregið niður í saurinn með fjágræðgi, ágirnd og fjáraflavon. Slíkt er gersamlega ósamboðið slíkri starfsemi og það er eigi von að hún blómgist og dafni á meðan hún er hlekkjuð í viðjar eigingirinnar.

Læknavísindin verða áður en langt líður fyrir miklum breytingum, enda er þess mikil þörf. Þær aðferðir, sem nú eru notaðar almennt, eru afar grófar og ekki boðlega.

Geisla-, lita- og ljóslækningar munu verða miklu meira notaðar í framtíðinni en nú á sér stað og koma í stað lyfja- og skurðlækninga, sem nú eru mest tíðkaðar. Eiturnotkun og sprautur hverfa, en frumvægiskrafturinn ryður sér til rúms í sambandi við hinn rétta skilning á notkun homópatíunnar, því hún notar frumvægisorkuna til þess að lækna með og er hættulaus

aðferð, því ef lyfið á ekki við sjúkdóminn, hefir það engin áhrif, því það þarf sams konar sveiflumagn að vera til staðar ef orkan á að birtast. Það lyf, sem hefir sama sveiflumagni yfir að ráða og sjúkdómurinn, læknar hann. Homópatían byggist á samræmisverkunum, en alopátían á andræmisverkunum. Alopatar nota baráttu náttúrunnar og hrúga í líkamann ósköpum öllum af efninu, sem nota á, og gera það á kostnað lífsorkunnar og þá er líkaminn gerður að orrustuvelli, þar sem álitamál getur orðið hver sigrar. Fram hjá þessu er siglt með hinni aðferðinni. Hún er í fullu samræmi við endurbyggingarlögmál náttúrunnar, en ekki niðurrif hennar. Með þessum aðferðum verður lækningastarfsemin léttari og hættuminni en nú á sér stað. Og þá nálgast hún þá aðstöðu að losna við þann örðugleikann, sem mest háir framförum hennar og það er eigingirnin. Nú er hún rekin sem atvinna og handverk, en ekki eingöngu sem líkn og hjálp í fyrsta skilningi. Nú eru örðugustu aðstæður manna notaðar til þess að hafa upp úr þeim fé. Læknislistin nær aldrei þeim holla og hraða vexti, sem hún á skilið, fyrr en hún er rekin sem fórn í þágu lífsins og viðhalds þess. Hún á að vera rekin sem aukavinna af köllun og þrá til þess að gera heiminum gagn.

Þannig eiga allar greinar vísinda að vera reknar sem áhugaefni en ekki atvinnufyrirtæki og fyrr ná þær ekki þeirri aðstöðu og þeim heilbrigða vexti, sem þær eiga skilið. Þá verða þær meira einstaklingsframtak en opinber starfsemi. Allt sem unnið er á þann hátt verður betur gert en ella og meiri blessun fylgir því fyrir alda og óborna.

Sambandið við náttúruna

Í framanskráðu hefi ég gert tilraun til þess að benda á ástæðurnar fyrir hinum ýmsu fyrirbrigðum nútíðarþjóðlífsins og tilgang þeirra. Ég hefi einnig bent á galla, sem nú eru sýnilegir í ýmsum greinum. Svo hefi ég leitast við að athuga þau fyrirbrigði, sem benda í áttina til breyttra lífsaðstæðna og þá möguleika, sem framtíðarkynslóðin hefir í hendi sér og á ég þar við hvarfið til sveitanna og lífsviðhorfið í því sambandi.

Á frumstigi þjóðanna búa menn og lifa mjög einföldu lífi sem hirðingjar í tjöldum og flytjast stað úr stað eftir atvikum og aðstæðum náttúrunnar. Svo festu menn dvalarstað sinn og tóku til að yrkja jörðina og hagnýta sér möguleika hennar, en einfalt mjög og ófullkomið í fyrstu. Og lengi lifðu menn eingöngu í sambandi við náttúruna, landið, jörðina. En þetta var ekki nóg. Menn vildu meira. Þeir vildu losna við einangrunina og leituðu í margmennið, þar sem möguleikar virtust meiri og þeir fengu tækifæri til þess að kynnast því lífi, sem þar var á boðstólum og læra af því. Þeir urðu að lokum fullsaddir slíkra lífdaga og fundu að það var ekki það, sem þeir ættu loks að dvelja við og þeir leita til náttúrunnar á ný. En munurinn er sá, að þá koma þeir þangað hlaðnir reynslu og þekkingu, sem þeim var eigi unnt að nema þar á frumstiginu. Þeir leita samlífsins og sambandsins við náttúruna. Þeir hverfa þangað, sem þeir voru frá horfnir, því hún er þeirra eina og sanna jarðneska heimkynni. Og þegar allir plægja og yrkja jörðina sér til lífsframfæris, allir vinna líkamlega vinnu, er engin hætta á að neinn þurfi að líða nauð. Og þá verður það álitid gleggsta og besta aðalsmerkið að halda á pálnum og rekunni.

JÓN ÁRNASON